

Drög að samþykktum fyrir Landssamtök skógareigenda (LSE) vegna sameiningar starfsemi við BÍ



1. gr.

Samtökin heita Landssamtök skógareigenda (hér eftir LSE). Heimili og varnarþing þess er á skrifstofu Bændasamtaka Íslands.

2. gr.

Tilgangur LSE er að sameina þá, sem stunda skógrækt í atvinnuskyni, um hagsmunamál sín og vinna að framgangi þeirra innan Bændasamtaka Íslands með beinni aðild félagsmanna LSE að Bændasamtökum Íslands.

3. gr.

3.1

Rétt til aðildar að LSE hafa öll svæðisbundin félög skógarbænda á landinu, einstaklingar og lögaðilar sem þess óska og halda skóg í atvinnuskyni, enda séu þeir félagsmenn að Bændasamtökum Íslands og greiði félagsgjöld til samtakanna eða hafa áður greitt félagsgjöld til LSE á árinu 2020.

3.2

LSE ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með eignum sínum, en hvorki aðildarfélögin né einstakir félagsmenn.

3.3

Einungis félagsmenn með fulla aðild, sbr. liði 3.1, geta gegnt trúnaðarstörfum fyrir LSE.

3.4

Full félagsaðild sbr. liði 3.1. fellur niður uppfylli félagsmenn ekki öll skilyrði um félagsaðild, skv. grein 3.1. Segi félagsmenn sig úr félaginu tekur úrsögnin gildi 6 mánuðum frá frá mánaðarmótum eftir að tilkynning um úrsögn berst.

4. gr.

Aðild búgreinafélags skógarbænda að öðrum félagasamtökum en Bændasamtökum Íslands er háð samþykki aðalfundar.

5. gr

5.1

Aðalfund skal halda árlega í tengslum við Búgreinaþing skógarbænda og hefur hann æðsta vald í öllum málefnum LSE.

5.2

Aðalfund sitja með fullum réttindum fulltrúar aðildarfélaganna kosnir á aðalfundum þeirra í leynilegri kosningu.

5.3

Fjöldi fulltrúa frá hverju félagi skal miðast við fjölda félagsmanna á félagssvæðinu sem hafa greitt félagsgjald til Bændasamtaka Íslands skv. grein 3.1. Skal einn fulltrúi kosinn á aðalfund fyrir hverja byrjaða 35 félagsmenn. Komi upp ágreiningur um fjölda félagsmanna sem telja til fulltrúakjörs hjá hverju aðildarfélagi skal stjórn LSE úrskurða um málið.

5.4

Félagsmenn skulu greiða veltutengt félagsgjald til Bændasamtaka Íslands, í samræmi við ákvörðun Búnaðarþings hverju sinni.

5.5

Stjórnarmenn og skoðunarmenn ásamt varamönnum þeirra hafa málfrelsi og tillögurétt á aðalfundi ásamt Búnaðarþingsfulltrúum búgreinadeildarskógarbænda. Aðalfundurinn er opinn til áheyrnar öllum félagsmönnum aðildarfélaganna. Óski fleiri aðilar en hér er getið um, eftir að sitja aðalfund með málfrelsi og tillögurétt skal það borið undir fundinn.

5.6

Á dagskrá skal vera:

- a. Skýrsla stjórnar.
- b. Afgreiðsla reikninga fyrir næst liðið almanaksár, fullnægjandi félagaskrá aðildarfélaga skal ávallt fylgja endurskoðuðum ársreikningi samþykktum á aðalfundi.
- c. Tillögur og erindi til umræðu og afgreiðslu.
- d. Skipan stjórnar skv. grein 7 í samþykktum þessum
- e. Fjárhagsáætlun til næsta árs.
- f. Önnur mál.

5.7

Aðalfund skal boða eigi síðar en 10. janúar ár hvert til stjórna aðildarfélaganna. Aðalfundur er löglegur sé löglega til hans boðað.

6. gr.

Aukafund skal halda þyki stjórn búgreinafélagi skógarbænda sérstök nauðsyn bera til og jafnan þegar aðildarfélög, eitt eða fleiri, með samtals a.m.k $\frac{1}{4}$ félagatölu búgreinafélags skógarbænda óska þess, enda sé þá fundarefni tilgreint. Aukafund skal boða með minnst 7 daga fyrirvara. Um rétt til fundarsetu á aukafundum gilda sömu reglur og á aðalfundi.

7. gr.

7.1

Búgreinaþing Bændasamtaka Íslands skipar LSE þriggja manna stjórn, sem jafnframt starfar sem stjórn búgreinadeildar skógarbænda innan BÍ.

8. gr.

8.1

Hlutverk stjórnar er að vinna að framgangi félagsmanna innan Bændasamtaka Íslands í gegnum búgreinadeild samtakanna, annast málefni félagsins milli félagsfunda og sjá um að þau séu jafnan í sem bestu horfi.

8.2

Undirskriftir þriggja stjórnarmanna þarf til að skuldbinda félagið.

9. gr.

9.1

Formaður boðar til stjórnarfunda þegar ástæða þykir til og stjórnar þeim. Þó er honum skylt að boða fund ef tveir stjórnarmenn óska þess, enda sé þá fundarefnið tilgreint. Stjórnarfundur er lögmaður sé meirihluti stjórnar á fundi.

9.2

Stjórn búgreinafélags skógarbænda skal skrá fundargerðir á fundum sínum. Fundargerðir skulu birtar á vefsvæði LSE svo fljótt sem unnt er og eigi síðar en að loknum næsta stjórnarfundu. Stjórnarmenn skulu staðfesta afrit af fundargerðinni með undirskrift sinni og skal stjórn sjá til þess að þau afrit séu varðveitt með tryggilegum hætti.

10. gr.

Aðildarfélög LSE skulu senda félagatal og aðrar nauðsynlegar upplýsingar um starfsemi viðkomandi félags eftir því sem stjórn LSE ákveður hverju sinni eigi síðar en 31. desember ár hvert. Staðfest tala fulltrúa á aðalfund skal liggja fyrir á heimasíðu félagsins eigi síðar en 10. janúar ár hvert. Frá þeim tíma hafa félögin 7 daga til að gera athugasemdir við fulltrúatöluna. Komi upp álitamál skal stjórn LSE úrskurða um málið samkvæmt gr. 5.3. svo fljótt sem kostur er. Eins fljótt og við verður komið eftir aðalfund hvers aðildarfélags skal stjórn þess senda LSE skýrslu um störf félagsins á liðnu ári, upplýsingar um kosningar í stjórn og fulltrúa á fundi búgreinafélags skógarbænda og annað sem máli kann að skipta.

Þessar upplýsingar skulu hafa borist skrifstofu LSE eigi síðar en 20 dögum fyrir aðalfund. Mál sem taka á til afgreiðslu á aðalfundi búgreinafélags skógarbænda, skulu hafa borist skrifstofu LSE eigi síðar en 20 dögum fyrir aðalfund. Öll gögn sem leggja á fram, til umfjöllunar eða afgreiðslu skulu birt aðalfundarfulltrúa eigi síðar en 10 dögum fyrir setningu aðalfundar. Aðalfundur getur þó ákveðið að taka til afgreiðslu mál sem koma síðar fram.

11. gr.

Samþykktum þessum má aðeins breyta á aðalfundi eða aukafundi, sem boðaður er til þess sérstaklega. Tillögur þar um skulu kynntar stjórnnum aðildarfélaganna eigi síðar en 20 dögum fyrir aðalfund. Ná þær því aðeins fram að ganga að meirihluti kjörinna fulltrúa greiði þeim atkvæði.

12. gr.

Leggist starfsemi LSE niður og félaginu er slitið skulu eigur þess ganga til deildar skógarbænda innan Bændasamtaka Íslands.

13.gr.

Ákvæði samþykkt þessara gilda frá og með aðalfundi LSE þann 15.maí 2021.

Samþykkt samhljóða á aðalfundi Landssamtaka skógareigenda 15.maí 2021. munu taka gildi 1.júlí með fyrirvara um samþykki nýrra samþykkt Bændasamtaka Íslands á aukabúnaðarþingi 10.júní 2021.